

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun rekstrarleyfa veitinga- og gististaða sem samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 67/1985 falla undir nýja flokka og var gert að afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar sl.?
2. Eru einhver dæmi þess að sveitarstjórnir hafi synjað umsóknum um slíka endurnýjun á grundvelli hinna nýju ákvæða í fyrrnefndum lögum?
3. Hversu margir staðir eru nú reknir á leyfum skv. i-lið 9. gr. laganna um næturklúbba, þ.e. veitingastaðir með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni?
4. Hvaða staðir eru það og hvar á landinu eru þeir?

Skriflegt svar óskast.